

REGLUR

um breytingu á starfsreglum fyrir öryggiseftirlit ríkisins, nr. 21 18. febrúar 1953.

1. gr.

6. gr. starfsreglnanna orðist þannig:

Fyrir starf sitt fá umdæmisskoðunarmenn hluta eftirlitsgjalda þeirra fyrirtækja, sem þeir skoða. Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum öryggismálastjóra, hver hlutur umdæmisskoðunarmanna skuli vera. Feli öryggismálastjóri umdæmisskoðunarmanni rannsókn slyss eða framkvæmd aukaskoðunar vegna umbóta, sem kann að hafa verið krafizt við fyrri skoðun, ber honum fyrir það þóknun, sem öryggismálastjóri ákveður hverju sinni.

Umdæmisskoðunarmenn láta öryggismálastjóra í lok hvers árs í té skýrslu um störf sín í þágu eftirlitsins.

2. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarmálaráðuneytið, 10. marz 1964.

Jóhann Hafstein.

Brynjólfur Ingólfsson.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Akureyrarkaupstað.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Akureyrarhöfn takmarkast að norðan af beinni línu, sem hugsast dregin úr yzta Glerárós í Geldingsá. Innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu umhverfis fjarðarbotninn á alla vegu. Enn fremur nær höfnin yfir svæðið frá nefndri línu norður að beinni línu, sem hugsast dregin beint til austurs frá þeim stað, þar sem mörk lögsagnarumdæmis Akureyrar og Glæsibæjarhrepps koma til sjávar. Austur-takmörk þessa svæðis, sem liggur norðan við ofanefnda línu úr Glerárós í Geldingsá, eru í miðjum Eyjafirði, en að vestan takmarkast það af landinu.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur á hendi stjórn hafnarinnar undir yfirumsjón samgöngumálaráðuneytisins.